

PIMCO: Evrusvæðið á sér ekki framtíð að óbreyttu

Eftir Styrmi Gunnarsson

Forsvarsmenn PIMCO, stærsta skuldabréfasjóðs heims, segja að evrusvæðið eigi sér ekki framtíð nema evruríkin sameinist í eins konar „Bandaríkjum Evrópu“.

Í því felst að sögn Daily Telegraph að aðildarríkin afsali sér sjálfstæði sínu.

Talsmaður PIMCO bendir á að veikur hagvöxtur á evrusvæðinu hafi leitt til ókyrrðar meðal kjósenda og framgangs nýrra stjórnmalaflokka, bæði til hægri og vinstri í löndum eins og Frakklandi, Spáni og Grikklandi.

Sagan segir okkur að núverandi staða gengur ekki upp segir einn helzti stjórnandi PIMCO og vísar til gjaldmiðilsbandalaga í rómönsku Ameríku og á Norðurlöndum á19. öld. sem hafi að meðaltali staðið í um 50 ár.